

BORGARRÁÐ 1. febrúar 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aðkomu skóla- og frístundasviðs að skólabókasöfnum - MSS24020004

Skólabókasöfn vinna ómetanlegt starf. Mikilvægt er að bókasafn skóla vaxi með börnunum og geti á hverjum tíma rétt hverjum einstaklingi bók og bækur sem henta viðkomandi á hverjum tíma. Hvað er skóla- og frístundasvið að gera til að styrkja skólabókasöfn skólanna í borginni svo þau geti vaxið og dafnað enn frekar?

Greinargerð:

Sum skólabókasöfn eru með alls konar lestrarklúbba þar sem börn fá hvatningu til að ná ákveðnum markmiðum. Ýmsar tegundir af hvetjandi verkefnum eru í gangi til að hvetja börn til lestrar og hjálpa þeim að auka við lestraráhuga. Það skiptir máli að sá kennari sem annast umsjón skólabókasafnsins sé aðgengilegur og fái að sinna starfi sínu af hugsjón, ástríðu og natni. Til að svo megi vera þarf að hlúa vel að starfsfólki skólabókasafna og safnanna sjálfra. Lesáhugi vex í skólum sem sinna skólabókasafni sínu vel og þeim sem þau annast.